

Fundargerð 51. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 25. febrúar 2019, kl. 13:15

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni 2019
2. Undirbúningur nýrra samninga
3. Teams vinnusvæði
4. Framkvæmd byggðaaáætlunar
5. Byggðamálaráð
6. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (VEL), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karitas Gunnarsdóttir (MRN), Karl Björnsson (Sambandinu, vék af fundi kl. 14), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Sigríður Valgeirsdóttir (ANR, fór kl. 14:25), Þórarinn Sólmundarson (MRN) (mætti kl. 13:35), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Arnar Freyr Einarsson (ANR), Eva Margrét Kristinsdóttir (VEL), Hrund Hafsteinsdóttir (UTN), Sigurður Guðmundsson (FJR) og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun).

Fundargerð 50. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni 2019

Verkefnisstjóri kynnti áhersluverkefni sjö landshluta af átta, en höfuðborgarsvæðið skilar í mars. Talsverðar umræður urðu um verkefni. Alls eru verkefni 62 talsins og var einu þeirra hafnað og fyrirvari um staðfestingu á fjórum verkefnum. Til umræðu kom hvaða atriði þarf að skoða varðandi nýjar sóknaráætlanir og hvort fá eigi landshlutasamtökin á fund með stýrihópnum í byrjun árs, þar sem þau kynni áhersluverkefni framundan.

Landshluti	Fjöldi verkefna	Upphæð úr SL 19	Heildarupphæð	Mismunur
Vesturland	5	24.000.000	39.500.000	15.500.000
Vestfirðir	9	36.575.000	181.975.000	145.400.000
Norðurland vestra	9	20.000.000	51.000.000	31.000.000
Norðurland eystra	11	48.660.000	65.460.000	16.800.000
Austurland	5	44.795.776	59.995.776	15.200.000
Suðurland	15	57.800.000	73.300.000	15.500.000
Suðurnes	8	39.800.000	47.800.000	8.000.000
Samtals	62	271.630.776	519.030.776	247.400.000

2. Undirbúningur nýrra samninga

Frestað til næsta fundar.

3. Teams vinnusvæði

Frestað til næsta fundar.

4. Framkvæmd byggðaáætlunar

Frestað til næsta fundar.

5. Byggðamálaráð

Frestað til næsta fundar.

6. Önnur mál

Landshlutasamtökin gerðu athugasemd við það hvernig staðið var að boðun fundar um almenningsamgöngur sem er boðaður fimmtudaginn 28. febrúar, þar sem fundartími hentar illa þeim sem koma utan af landi og fyrirvari er lítill. Athugað verður með að streyma fundinum.

Einnig rætt stuttlega um fund stýrihópsins með framkvæmdastjórum og formenum landshlutasamtakanna sem á að halda á þann 29. mars.

Næsti fundur stýrihópsins er boðaður þann 25. mars 2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10